

## Samstarfssamningur

Héraðsskjalasafn Árnesinga (kt. 630189-2849) Austurvegi 2, 800 Selfossi,  
Héraðsskjalasafn Akraness (kt. 410169-4449) Dalbraut 1, 300 Akranes,  
Héraðsskjalasafns Kópavogs (kt. 580302-4080) Digranesvegi 1, 200 Kópavogi,  
Héraðsskjalasafns Mosfellsbæjar (kt. 470269-5969) Þverholt 2, 270 Mosfellsbær og  
Héraðsskjalasafn Austur-Skaftafellssýslu (kt. 550992-2489) Nýheimar Litlabrú 2, 780  
Höfn gera með sér eftirfarandi samstarfssamning:

### 1. kafli. Tilgangur

Tilgangur samnings þessa er að skapa grundvöll fyrir samvinnu ofantaldra aðila á sviði rafrænnar skjalavörslu, tilkynninga og samþykktar rafrænna skjalavörslukerfa afhendingarskyldra aðila, tilkynninga og samþykktar rafrænna skráa og gagnagrunna afhendingarskyldra aðila og langtímavörslu rafrænna skjala í samræmi við fagleg viðmið. Ennfremur á sviði eftirlits og ráðgjafar gagnvart afhendingarskyldum aðilum sem hverfist um skjalavistunaráætlanir og málalykla/bréfalykla.

Styrkt verður hæfni samningsaðila til að geta upplýst afhendingarskylda aðila um þær kröfur sem gerðar eru til þeirra skv. lögum og reglum þegar litið er til rafrænnar stjórnýslu, skjalavörslu og með hvaða hætti framkvæmd þessara mála skuli háttað, þar á meðal upplýsingar um uppbyggingu, leitarbærni, viðhald kerfa til langframa o.s.frv.

Taka skal mið af siðareglum Alþjóðaskjalaráðsins ICA og kröfum um milliliðalausa sönnunarfærslu þegar horft er til áreiðanleika skjala.

Með samningi þessum opnast möguleikar til enn frekara samstarfs með skipulögðum hætti, s.s. vegna söfnunar á upplýsingum frá afhendingarskyldum aðilum, úrvinnsla slíkra upplýsinga, gerð kostnaðar- og áhættumats o.fl. Skulu ákvæði samstarfssamnings þessa gilda um allar slíkar athuganir.

### 2. kafli. Framkvæmd verkefna

Samningsaðilar veita leyfi til þess að skjöl, skýrslur, bréf og aðrar upplýsingar um starfsemi þeirra og afhendingarskyldra aðila séu aðgengilegar vegna framkvæmdar verkefna sem heyra undir samning þennan. Fyllsta trúnaðar skal gætt við framkvæmd verkefna bæði hvað varðar upplýsingagjöf til afhendingarskyldra aðila sem og þriðja aðila og skulu niðurstöður verkefna aðeins gerðar aðgengilegar eða birtar með samþykki allra samningsaðila enda eru verkefnin hluti af frumrannsóknum á skjalavörslu og skjalahaldi.

PTM  
H.S.  
BWS  
477 #

### 3. kafli. Stjórnun, eftirlit og trúnaður

3.1. Stjórn einstakra verkþátta. Stjórn einstakra verkþátta skal vera sameiginlega á hendi forstöðumanna héraðsskjalasafnanna. Ábyrgðamenn einstakra verkefna skulu tilgreindir og ákvarðanir um verkefni, ábyrgðarmenn og framkvæmd verkefna skulu tilgreindir í fundargerðum stjórnenda, þ.e. forstöðumanna héraðsskjalasafnanna.

Stjórnendur, þ.e. forstöðumenn héraðsskjalasafnanna skulu funda hið minnsta ársfjórðungslega, þ.e. í janúar, apríl, ágúst og nóvember og fara yfir stöðu og framgang verkefna. Fundirnir skulu boðaðir með minnst viku fyrirvara en að jafnaði í lok undangangandi fundar.

3.2. Eftirlit og upplýsingaskylda. Hlutverk stjórnenda er að hafa eftirlit með framkvæmd verkefna sem heyra undir samstarfssamning þennan. Ábyrgðamenn verkefna skulu láta stjórnendum í té öll þau skjöl og annan vitnisburð er falla undir þau verkefni sem þeim eru falin sem og greinargott yfirlit yfir fjölda vinnustunda vegna verkefnisins.

3.3. Trúnaðarskyldur. Stjórnendur og starfsmenn skulu bundnir fullum trúnaði um allt það er þeir öðlast vitneskju um í störfum sínum. Undir engum kringumstæðum skal efni slíkra upplýsinga látið uppi við þriðja aðila án sérstaks samþykkis forstöðumanna þeirra héraðsskjalasafna er eiga aðild að samningi þessum eða sérstaklega hlut að máli. Trúnaðarskylda helst þótt starfsmenn láti af störfum eða samningi þessum sé sagt upp.

### 4. kafli. Kostnaður og greiðslur

Samstarfsaðilar skuldbinda sig til að verja allt að 160 vinnustundum á ári til verkefna sem heyra undir samning þennan. Samstarfsaðilum er ekki heimilt að senda reikninga vegna viðbótarvinnuframlags eða kaupa á sérfræðipjónustu nema slíkt hafi verið borið upp til samþykktar á stjórnendafundi og samþykkt fundar liggi fyrir ásamt ítarlegri greinargerð um kostnað.

### 5. kafli. Meðferð skjala

Samstarfsaðilar skulu allir hafa aðgang að nauðsynlegum skjölum vegna þeirra verkefna sem ráðist er í hverju sinni til að setja í skjalasafn stofnunar sinnar.

### 6. kafli. Réttindi aðila

Samstarfsaðilar hafa ekki rétt til að selja þriðja aðila niðurstöður eða afrakstur af vinnu starfsmanna sinna eða starfsmanna annarra héraðsskjalasafna.

Ef þróunarsamvinna samstarfsaðila leiðir til fjárhagslegrar nýtingar á niðurstöðum eða þeirri aðferðafræði sem sett er fram í verkefnum og verkferlum geta aðilar samið sérstaklega um sölu en aðeins ef allir samstarfsaðilar eru því samþykkir og skiptast þá greiðslur jafnt niður á milli samningsaðila.

þim  
H  
GTT  
H.S.

## 7. kafli. Gildistími og uppsögn

Samningur þessi gildir svo lengi sem honum er ekki sagt upp með formlegum hætti. Hver samningsaðili getur sagt samningnum upp með þriggja mánaða fyrirvara.

Telji samningsaðili annan aðila hafa brotið ákvæði samnings þessa skal hann án tafar koma að athugasemdum og skal hinn aðilinn bregðast við innan fjögurra vikna.

## 8. kafli. Um bótaskyldu

Samstarfssamningur þessi er ekki viðskiptalegs eðlis og því eru héraðsskjalasöfnin öll undanskilin hvers konar bótaábyrgð sem kann að rísa á grundvelli þessa samnings. Skiptir ekki máli af hvaða ástæðum slíkar kröfur kunna að vera til komnar, t.d. mistök, leki á upplýsingum, misnotkun gagna eða athafnir og háttalag starfsmanna o.s.frv.

## 9. kafli. Meðferð ágreiningsmála

Verði ágreiningur milli samningsaðila við framkvæmd samningsins eða efndir á honum, sem ekki verður leystur á fjórum vikum frá því ágreiningur kom upp skulu mál vegna vanefnda eða brota á samningi þessum rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Kópavogi, 6. mars 2019

F.h. Héraðsskjalasafns Árnesinga

*Ólafur Magnússon*

F.h. Héraðsskjalasafns Akraness

*Gertur Jón. Jóhannsson*

F.h. Héraðsskjalasafn Austur-Skaftafellssýslu

*Halldóra Jónsdóttir*

F.h. Héraðsskjalasafns Kópavogs

*Hanna Sveinbjörnsdóttir*

F.h. Héraðsskjalasafns Mosfellsbæjar

*Björg M. Sig.*

Gjört með fyrirvara um samþykki viðeigandi stjórna, ráða og nefnda.